

framhaldsfresti til ritunar greinargerðar, en stefnandi mótmælti frekari frestveitingu. Lögðu aðiljar þá atriðið undir úrskurð.

Mál þetta er víxilmál, og verða því einungis fáar varnir hafðar uppi í því. Eins og að framan greinir, hefur stefndi þegar fengið verulegan frest til að tjá sig um sakarefnið. Hefur hann engin rök að því leitt, hvers vegna þeir frestir hafi ekki nýtt honum. Með vísan til þessa og með skírskotun til 110. gr. laga nr. 85/1936 verður hinn umbeðni frestur ekki veittur gegn andmælum stefnanda.

Magnús Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Alyktun:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 15/1952:

Kristinn P. Friðriksson

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og

Óla M. Ísakssyni f. h. Stefnis h/f.

Ómerking og frávísun vegna ólögmeets málatilbúnaðar og málflutnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 9. júní þ. á., er hingað barst 22. júlí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. sbr. 148. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 4. júní þ. á., en með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um, að varnaraðili Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f verði skyldaður til að leggja tiltekin skjöl fram í dóm. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og nefndum varnaraðilja gert skylt að leggja skjölin fram. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Athugun á málatilbúnaði og málflutningi í héraði af hálfu

sóknaraðilja, sem þar er sækjandi máls, hefur, að því er kæru-efnið varðar, leitt í ljós það, sem hér segir.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta í héraði með stefnu, þingfestri 7. sept. 1950, á hendur varnaraðilja Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Í stefnu krafðist sóknaraðili greiðslu úr höndum nefnds varnaraðilja á kr. 23.563.49 ásamt vöxtum „vegna tjóns, sem varð á bifreið hans, R 1515, hinn 7. des. 1947“, en bifreið þessi var húftryggð hjá varnaraðilja. Hinn 28. sept. 1950 lagði fyrirsvarsmaður stefnanda fram sonefnda greinargerð og reikningsyfirlit. Í greinargerð kveðst hann lækka stefnukröfuna um kr. 10.010.00. Er ekki greint í greinargerðinni né síðar í málflutningi, hvernig á þessari lækkun stendur, en þar sem fjárhæð sú, sem krafan er lækkuð um, er jafnhá tilteknum fjárhæðarlið á reikningsyfirlitinu, má ætla, að fallið sé frá þeim lið kröfunnar. Í greinargerðinni segir enn fremur: „Stefnukrafan byggist á tjóni, sem varð á bifreið umbjóðanda míns, R 1515, við útafkeyrslu 7. des. 1947, en sú bifreið var kaskótryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Upp í tjónið hefur félagið aðeins greitt kr. 5.178.16, og standa því eftir kr. 13.553.49.“

Frekari lýsing á málavöxtum en að framan greinir er hvorki í stefnu né greinargerð. Enga skýrslu er þar að finna um atvik að bifreiðarslysinu, hver spjöll urðu á bifreiðinni né um afdrif hennar eftir slysið. Engin grein er gerð fyrir því, hvernig einstakir fjárhæðarliðir á reikningsyfirlitinu eru ákveðnir, en um það veitir reikningsyfirlitið sjálft litla fræðslu.

Í greinargerð varnaraðilja í héraði, er fram var lögð 14. des. 1950, er stefnukröfunni mótmælt í heild og enn fremur einstökum fjárhæðarliðum á reikningsyfirlitinu, ýmist sem óviðkomandi varnaraðiljanum eða sem órökstuddum áætlunarliðum, er sumir munu þó eiga að styðjast við matsgerðir, sem ekki hafa verið lagðar fram í málinu.

Eftir að málið var þingfest, fóru fram allviðtækar vitnaleiðslur að tilhlutan sóknaraðilja í þinghöldum 13. sept. og 3. okt. 1950 og 19. janúar, 30. marz, 11. og 13. apríl 1951. Voru þá teknar vitnaskýrslur af fyrirsvarsmanni og nokkrum starfsmönnum Stefnis h/f um bráðabirgðaviðgerð á bifreiðinni, er framkvæmd hafði verið af nefndu félagi í desember

1947. Vitnaleiðslur þessar komu þó ekki neitt við stefnukröfunni og stóðu ekki í sambandi við neina fjárhæðarliði á reikningsyfirlitinu. Hins vegar varða vitnaleiðslurnar kröfu, er sóknaraðili gerði í framhaldsstefnu, þingfestri 6. marz 1952. Er engin grein gerð fyrir þessu af hálfu sóknaraðilja fyrr en í greinargerð í framhaldssök, er fram var lögð 20. marz 1952. Gerir þetta málflutninginn til þess tíma mjög torskilinn og ruglingslegan.

Eins og áður segir, andmælti varnaraðili í héraði í greinargerð 14. des. 1950 kröfum sóknaraðilja í frumstefnu. Eftir þetta er málið mörgum sinnum tekið fyrir á dómþingi, án þess að lögð séu fram af hálfu sóknaraðilja nokkur gögn til styrktar eða glöggvunar á stefnukröfunni. Það er ekki fyrr en í apríl 1951 og síðar, að smám saman eru tínd fram gögn, er varða kröfu í frumstefnu og reikningsyfirlitið, en öll þau gögn voru fyrir hendi í upphafi máls. Þannig er hinn 11. apríl 1951 lögð fram tjónstilkynning til varnaraðilja í héraði um bifreiðarslysið, dags. 9. des. 1947. Sama dag er lögð fram matsgerð dómkvaddra manna um spjöll á bifreiðinni, dags. 30. sept. 1948. Önnur matsgerð, er varðaði tjónið, dags. 4. febr. 1948, var lögð fram af hálfu varnaraðilja hinn 16. okt. 1951, og verður ekki séð, að fyrirsvarsmaður sóknaraðilja hafi gert tilraun til að afla hennar. Sama dag, 16. október, lagði fyrirsvarsmaður sóknaraðilja fram aðiljaskýrslu frá umbjóðanda sínum, dags. 2. sept. 1948, og hinn 25. okt. 1951 lagði hann fram endurrit gamalla reikninga, er varða viðgerð á bifreiðinni. Er samband þeirra við stefnukröfuna og reikningsyfirlitið að ýmsu leyti óglöggt, enda skortir greinargerð um tengsl reikninganna við stefnukröfuna. Loks lagði fyrirsvarsmaður sóknaraðilja fram í þinghaldi 27. nóvember 1951 endurrit mats, varðandi málningu bifreiðarinnar, dags. 29. sept. 1948.

Hinn 6. marz 1952 er þingfest framhaldsstefna, þar sem sóknaraðili krefst tveggja fjárhæðaliða, kr. 3156.84 og kr. 4500.00, til viðbótar kröfu sinni í frumstefnu. Kveður fyrirsvarsmaður sóknaraðilja fyrri kröfuliðinn vera til orðinn vegna fyrrgreindrar bráðabirgðaviðgerðar á bifreiðinni í des. 1947, og er auðsætt, að þá kröfu hefði mátt gera í frumstefnu. Síðara kröfuliðinn, kr. 4500.00, telur fyrirsvarsmaðurinn í

greinargerð framhaldssakar vera til kominn af því, að í ljós hafi komið við rekstur málsins, að tjón sóknaraðilja hafi orðið meira en í frumstefnu segir. Er ekki gerð nánari grein fyrir þessu né því lýst, hvernig fjárhæð kröfuliðsins sé ákveðin.

Hér hefur verið rakið í aðaldráttum, hvernig mál þetta hefur verið upp tekið og rekið í héraði af hálfu sóknaraðilja og fyrirsvarsmanns hans. Brýtur þetta svo mjög í bág við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um málalilbúnað og skýran og greiðan málflutning, að ómerkja verður hinn kærða úrskurð og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Þar sem varnaraðiljar hafa ekki krafizt kærumálskostnaðar, fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður svo og öll meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. f. m., hefur Kristinn P. Friðriksson, Týsgötu 5 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 7. sept. 1950, gegn Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hér í bænum, til greiðslu á kr. 23.563.49 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í greinargerð lækkaði stefnandi dómkröfur sínar um kr. 10010.00 eða í kr. 13553.49.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 29. febrúar þ. á., hækkaði stefnandi dómkröfur sínar um kr. 7.656.84 með 6% ársvöxtum af kr. 1.868.96 frá 2. nóvember 1949 til 29. febrúar þ. á. og af kr. 6.368.96 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu í framhaldssök.

Stefndi hefur krafizt sýknu í frumsök og framhaldssök og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau að sögn stefnanda, að bifreið hans R 1515 hafi orðið fyrir skemmdum við, að henni var ekið út af Hafnarfjarðarvegi 7. des. 1947, en bifreið þessi hafi verið „casco“-tryggð hjá stefnda. Taldi stefnandi, að tjón sitt, er stefnda bæri að bæta, hefði numið samtals kr. 28.742.65, en upp í það hefði stefndi aðeins greitt kr. 5.178.16, og ætti því enn eftir að greiða honum vegna fyrrgreinds tjóns fjárhæð þá, sem krafizt var í stefnu frumsakar. Svo sem fyrr segir, lækkaði stefnandi síðan í greinargerð kröfur sínar um kr. 10.010.00, og þykir mega ráða af skjölum málsins, að sú lækkun sé reist á því, að stefnandi falli

frá að krefjast þess, að stefndi greiði honum bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar.

Kröfur sínar í framhaldssök sundurliðar stefnandi svo, að kr. 4.500.00 séu vegna þess, að heildartjónið á R 1515 hafi orðið meira en ætlað hafi verið, er mál þetta var höfðað. Enn fremur beri stefnda að greiða kr. 3.156.84 vegna viðgerðar, sem hafi farið fram á R 1515 í desember 1947, eftir að hún hafi skemmt við útafaksturinn. Viðgerð þessi var framkvæmd af bifreiðaverkstæðinu Þrótti h/f hér í bæ. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1949 var stefnandi máls þessa dæmdur til að greiða Þrótti h/f kr. 1.868.96 auk vaxta og málskostnaðar, en af nefndri fjárhæð voru kr. 1.722.72 vegna fyrrgreindrar viðgerðar á R 1515, en kr. 146.24 voru vegna viðgerðar á bifreiðinni R 3715. Í málinu hafði stefnandi máls þessa krafizt sýknu af kröfunni um greiðslu á viðgerðarkostnaði R 1515, en ekki þótti efni til að taka þá kröfu til greina. Svo virðist af skjölum málsins, að stefnandi hafi greitt Þrótti h/f samkvæmt nefndum dómi samtals kr. 2.488.84, en ekki er fullljóst, í hverju er fölginn mismunur síðastnefndrar fjárhæðar og þeirra kr. 3.156.84, sem stefnandi krefst í þessu máli, að stefndi greiði honum vegna margnefndrar viðgerðar á R 1515.

Í þinghaldi 15. f. m. lagði stefnandi fram auk annarra skjala afrit af viðskiptamannareikningi Þróttar h/f við stefnanda. Jafnframt krafðist hann þess, að Þróttur h/f yrði með úrskurði skyldaður til að leggja fram í máli þessu nokkur nánar tilgreind skjöl. Þar sem stefnandi lýsti hins vegar yfir, að hann hefði eigi reynt að fá skjöl þessi til afnota í máli þessu án úrskurðar, synjaði dómariinn um að taka beiðni stefnanda til úrskurðar að svo stöddu.

Í þinghaldi 29. f. m. lagði stefnandi fram auk annarra skjala afrit af bréfi sínu til Óla M. Ísakssonar, forstjóra Stefnis h/f (áður Þróttar h/f), þar sem hann krafðist þess, að forstjóriinn afhenti til afnota í bæjarþingsmáli þessu öll fylgiskjöl með viðskiptareikningi Þróttar h/f við stefnanda á tímabilinu 1. sept. 1947 til 31. janúar 1948. Jafnframt krafðist stefnandi þess í þinghaldi þessu, að þar sem nefndur forstjóri Stefnis h/f hefði ekki sinnt áskoruninni, yrði hann skyldaður með úrskurði bæjarþingsins til að leggja fram í máli þessu eftirtalin skjöl:

1. Öll vinnukort og vinnuskýrslur varðandi bifreiðarnar R 1515 og R 3715 fyrir tímabilið 1. september 1947 til 31. janúar 1948.

2. Allar nótur um aðkeypt efni á sama tímabili.

Þar sem dómariinn taldi eftir atvikum þarflaust að kveðja Óla M. Ísaksson forstjóra fyrir dóm út af kröfu stefnanda, tók hann atriðið þegar til úrskurðar.

Stefnandi virðist reisa fyrrgreinda kröfu sína um úrskurð á því, að svo kunni að vera, að rangt sé, að viðgerðin á R 1515 hafi byrjað 9. desember 1947, en samkvæmt vinnukortum frá Þrótti h/f, sem þegar hafa verið lögð fram í málinu, hefur vinna við viðgerðina hafizt þann dag. Hins vegar hefur stefnandi haldið því fram í aðiljaskýrslu sinni, að viðgerðin hafi ekki hafizt fyrr en skoðunarmaður frá stefnda hafi at-

hugað bifreiðina miðvikudaginn eða fimmtudaginn næst eftir slysið, þ. e. 10. eða 11. des. Virðist rökstuðningur stefnanda fyrir kröfu sinni um, að Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis verði skyldaður til að leggja fram fyrrgreind skjöl, vera sá, að þau kunni að bera með sér, að viðgerðin hafi ekki byrjað fyrr en eftir 9. desember og eftir að skoðunarmaður stefnda hafði athugað skemmdirnar á bifreiðinni. Telur stefnandi, að takist að leiða þetta í ljós, séu meiri möguleikar fyrir sig að sanna, að margnefnd viðgerð hafi verið framkvæmd eftir munnlegri beiðni frá stefnda og að honum beri þess vegna að greiða allan kostnað, sem stefnandi hafi af henni haft.

Að því er tekur til vinnukorta, vinnuskýrslna eða nóta yfir efniskaup, varðandi viðgerðir á bifreiðinni R 3715 svo og viðgerðir á R 1515, aðrar en viðgerð þá í des. 1947, sem fyrr er nefnd, þá eru þær viðgerðir allar óviðkomandi þessu máli. Þykir sýnt, að skjöl, varðandi þær, geti engu ráðið um úrslit þessa máls, og verður Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f því ekki skyldaður til að leggja þau fram samkvæmt 148. gr. laga nr. 85/1936.

Lögð hafa verið fram í málinu vinnukort manna þeirra, sem unnu við viðgerðina á R 1515 í des. 1947, þeirra Árna Jóhannessonar verkstæðisformanns og Halldórs Eyjólfssonar og Theódórs Guðmundssonar. Samkvæmt vinnukortum þessum hefur vinna við viðgerð bifreiðarinnar hafizt 9. des. 1947, eins og fyrr segir. Þeir Árni Jóhannesson og Halldór Eyjólfsson hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu og kannast við nafnritanir sínar á kortunum. Hafa þeir borið, að kort þessi séu frumrit og að dagsetningar séu jafnan réttar á kortunum. Loks hafa þeir báðir talið, að á þeim tíma, sem margnefnd viðgerð fór fram á R 1515, hafi starfsmenn Þróttar h/f engar aðrar skýrslur ritað um vinnu sína heldur en vinnukort eins og þau, sem liggja frammi í málinu. Enn fremur hefur Ólafur Björn Þorsteinsson borið, að vinnukort þau, sem fram hafa verið lögð í málinu, séu einu skýrslur, sem starfsmenn bifreiðaverkstæðisins hafi látið bókhaldi þess í té um vinnu sína við fyrrgreinda viðgerð á R 1515. Gegn vættum þessum hefur stefnandi engin rök að því leitt, að til séu önnur vinnukort um viðgerðina á R 1515 en þau, sem þegar liggja frammi í málinu.

Árni Jóhannesson hefur borið fyrir dómi, að hann muni hafa keypt eitthvað af varahlutum hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga til að nota við viðgerðina á R 1515. Hins vegar hefur hann ekkert getað um það sagt, hvort viðgerðin var þá hafin eða ekki. Er ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að nótur yfir varahlutina, þó til væru, gætu nokkra fræðslu veitt um það, hvort viðgerðin hafi byrjað 9. des. eða síðar. Þykir þegar af þeirri ástæðu sýnt, að skjöl þessi geti engu skipt um úrslit máls þessa.

Með vísan til alls þess, sem að framan er rakið, þykir ekki efni til að skylda Óla M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f til þess samkvæmt 148. gr. laga nr. 85/1936 að leggja fram nein þau skjöl, sem stefnandi hefur krafizt framlagningar á.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Framangreind krafa stefnanda, Kristins Friðrikssonar, um framlagningu skjala verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 16/1952:

**Geir og Hákon Herbertssynir og
Gerða og Hrefna Herbertsdætur**

gegn

**Ólafíu Árnadóttur og Hauki Herbertssyni f. h.
dánarbús Herberts Sigmundssonar
og gagnsök.**

Frávísun vegna vanreifunar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 21. ágúst þ. á., sem hingað barst 26. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 16. s. m., þar sem vísað var frá skiptaréttinum kröfu sóknaraðilja um, að þeim sé veitt færi á því að athuga bókhald fyrirtækisins Herbertsprents fyrir síðustu ár, eða frá 1. janúar 1947, en málskostnaður niður felldur. Krefjast sóknaraðiljar þess, að úrskurði skiptaréttarins verði hrundið og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa með kæru 22. ágúst þ. á., sem hingað barst 26. s. m., skotið úrskurðinum til Hæstaréttar og krafizt þess, að frávísunarákvæði úrskurðarins verði staðfest og sóknaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kostnað sakarinnar fyrir skiptarétti svo og kærumálskostnað.

Sóknaraðiljar hafa ekki talið nægilega skýrt málsástæður